

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

7. tbl., 8. árg., 17. maí 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Umhverfisátakið er í fullum gangi

Hjólbarðasöfnunin 5. og 6. maí tókst vel, alls söfnuðust 7,5 tonn af ónýtum dekkjum í sveitarfélaginu.

Gámar fyrir járnadrasl og timbur hafa verið settir við Mela og Hlíðarbæ. Þeir verða þar fram til 10. júní nk. **Gæta þarf þess að flokka rétt í gámana.**

Rotpróataæming í Kræklingahlíð er að fara af stað, henni hefur seinkað frá áætlun vegna óhagstæðs tíðarfars.

Tilnefningar til viðurkenninga fyrir snyrtimennsku þurfa að berast til fulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd eða á skrifstofu sveitafélagsins. Frestur til þess er þangað til seinna í sumar, tímasetning á lokafresti verður auglýst síðar.

Sundlaugarframkvæmdir

Hönnun og gerð útboðsgagna vegna framkvæmda við sundlaug er á lokastigi. Auglýsing eftir tilboðum í verkið munu birtast í blöðum á næstu dögum. Tilboð verða svo opnuð fimmtudaginn 5. júní nk. Verklök verða í byrjun desember næstkomandi.

Námskeið um umhverfismál

Þann 27. maí nk. kl. 16:30-19:30 verður haldið námskeið á leikskólanum Álfasteini um umhverfismál heimila, stofnana og fyrirtækja. Umsjón með námskeiðinu hefur Ragnhildur H. Jónsdóttir, umhverfisfræðingur. Allir eru velkomnir á námskeiðið.

Ef þessi tími hentar ekki, er hægt að fara í þelamerkurskóla 4. júní kl. 13-16, því að þá verður námskeiðið endurtekið þar. Allir velkomnir.

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 115 14. maí 2008

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Fundargerð framkvæmdanefndar Þelamerkurskóla, 22. apríl 2008

Fundargerðin er í átta liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

2. Fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar á Þelamörk, 22. apríl 2008

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

3. Ársreikningar Hörgárbyggðar, Þelamerkurskóla og Íþróttamiðstöðvarinnar á Þelamörk fyrir árið 2007, síðari umræða

Kjörnir skoðunarmenn sveitarfélagsins hafa yfirfarið ársreikningana og áritað þá. Eins og áður hefur komið fram var rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs á árinu jákvæð um 66,5 millj. kr. sem er 26% af rekstrartekjum hans. Handbært fé í árslok var 56,5 millj. kr. Fjárhagsstaða sveitarsjóðs er mjög traust, veltuhlutfall hans í árslok var 4,18. Ársreikningarnir voru samþykktir samhljóða og undirritaðir af sveitarstjórn.

4. Yfirlit um rekstur og fjárhag

Lagt fram yfirlit um rekstur sveitarsjóðs á 1. ársþriðjungi 2008 og fjárhag hans 30. apríl 2008. Þar kemur fram að rekstur sveitarsjóðs á tímabilinu var í góðu samræmi við fjárhagsáætlun og að fjárhagsstaða sveitarsjóðs í lok tímabilsins var traust.

5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 13. maí 2008

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þrjú þeirra varða fyrirbyggjandi drög að aðalskipulagstillögu Hörgárbyggðar 2006-2026, þ.e. um skógræktar- og sumarhúsabyggð á óræktuðu landi á Auðnum 2, um frístundabyggð á Krossastöðum og um nýja háspennulínu frá Blöndu til Akureyrar. Fjórdi liður fundargerðarinnar fjallar um gám fyrir endurvinnslupappír í íbúðabyggðinni á Lónsbakka.

Skipulags- og umhverfisnefnd felst á fyrir sitt leyti, að drögum að aðalskipulagstillögu Hörgárbyggðar verði breytt skv. þeim óskum sem fram koma í fundargerðinni og mælir með því að gámur fyrir endurvinnslupappír komi í íbúðabyggðina á Lónsbakka. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

6. Búnaðarsamband Eyjafjarðar, verndun ræktunarlands

Lögd fram tillaga, sem gerð var á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar 16. apríl 2008 og felur í sér áskorun til sveitarstjórna í Eyjafirði um "að standa vörð um ræktanlegt landi í héraðinu". Einnig lagt fram álit um málið, sem borist hefur frá Ævarri Hjartarsyni. Ef farið yrði að áskoruninni mundi að hans áliti taka að verulegu leyti fyrir sölu lands undir byggingasvæði og þar með möguleika á stækkun íbúðabyggðar. Lagt fram til kynningar.

7. Gásir, skipulag

Bréf, dags. 14. apríl 2008, frá Gígju Snædal og Oddi Gunnarssyni, Dagverðareyri, þar sem gerð er athugasemd við það að gert sé ráð fyrir íbúðabyggð á Gásum í fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins þangað til fjallað verður um þær athugasemdir sem kunna að berast við aðalskipulagstillöguna eftir

formlega auglýsingu hennar, sbr. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Jóhanna María Oddsdóttir tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu þessa erindis.

8. Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026, auglýsing á tillögu

Drög að aðalskipulagstillögu, bæði skipulagsuppdráttur og greinargerð, var kynnt á almennum fundi 2. apríl sl., sbr. ákvörðun sveitarstjórnar 19. mars 2008 (1. mál). Með þeim fundi telst lokið kynningu á aðalskipulagstillögunni, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skv. sömu lagagrein skal þá senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til athugunar. Hafi stofnunin ekki gert athugasemdir við tillöguna innan fjögurra vikna skal tillagan auglýst óbreytt. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkir að fyrirbyggjandi tillaga að aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 verði auglýst að lokinni athugun Skipulagsstofnunar, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

9. Fundargerð leikskólanefndar, 4. maí 2008

Fundargerðin er í sex liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

10. Álfasteinn, starfsmannahald

Lagt fram minnisblað um starfsmannahald á Álfasteini, þar sem m.a. er óskt að eftir heimild til að fjölga stöðugildum á deild um 0,6 frá 1. ágúst 2008 og auka starfshlutfall matráðs upp í 0,75. Samþykkt var að verða við beiðninni.

11. Skólaakstur 2008-2010, Dagverðareyri, Eyrarvík

Lagt fram minnisblað um skólaakstur í þelamerkurskóla frá Dagverðareyri og Eyrarvík skólaárin 2008-2009 og 2009-2010.

12. Vinnuskóli 2008, fyrirkomulag

Lögð fram drög að samningi við Arnarneshrepp um rekstur vinnuskóla sumarið 2008 og minnisblað um fyrirkomulag vinnuskólans. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

13. Brunavarnir, samstarfssamningur

Lögð fram drög að samstarfssamningi um brunavarnir milli Akureyrarbæjar annars vegar og Arnarneshrepps, Eyjafjarðarsveitar, Hörgárbyggðar og Svalbarðsstrandarhrepps hins vegar. Samningurinn byggist á samningsdrögum sem gerð voru árið 2004, en voru aldrei undirrituð, þó að þau hafi gilt í raun síðan þau voru gerð. Sveitarstjóra var falið að ganga frá samningnum f.h. Hörgárbyggðar.

14. Byr, afhending stofnfjár

Bréf, dags. 21. apríl 2008, frá Byr um afhendingu stofnfjár vegna samruna Byrs og Sparisjóðs Norðlendinga. Skv. því á Hörgárbyggð kr. 14.854.444 að nafnverði stofnfjár í Byr.

15. Byr, arðgreiðsla

Bréf, dags. 21. apríl 2008, frá Byr um arðgreiðslu 2008. Þar kemur fram að Byr greiddi stofnfjäreigendum sínum 44% arð og var hlutur Hörgárbyggðar kr. 11.517.454 að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

16. Þjónustuhópur aldraðra, upplýsingasöfnun

Bréf, dags. 28. apríl 2008, frá þjónustuhópi aldraðra á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, þar sem óskað er eftir upplýsingum um aðstoð og þjónustu við aldraða, sbr. 8. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Sveitarstjóra falið að svara bréfitara með vísan til framlagðra draga að svari við bréfinu.

Framhald á næstu síðu

17. Icelandic Photo Agency, myndatilboð

Bréf, dags. 14. apríl 2008, frá Icelandic Photo Agency, þar sem sveitarfélaginu er boðið upp á "heildstætt myndatilboð". Erindinu var hafnað.

18. Myndlistarsýning, beiðni um styrk

Tölvubréf, dags. 6. maí 2008, frá Jónu Hlíf Halldórsdóttur, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til sýningarhalds á Hálsi í Öxnadal. Samþykkt að veita kr. 30.000 styrk til verkefnisins.

19. Swiss International Holiday Exhibition, boð um þátttöku

Símbréf, dags. 6. maí 2008, frá Promax Communication SA í Sviss þar sem Hörgárbyggð er boðin ókeypis þátttaka í frítímasýningu, sem haldin verður í Lugano í Sviss 30. okt. – 2. nóv. 2008. Lagt fram til kynningar.

20. Dagur barnsins

Bréf, dags. 2. maí 2008, frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, þar sem gerð er grein fyrir *degi barnsins* á Íslandi sem verður í fyrsta sinn haldinn 25. maí 2008 og er yfirskriftin *Gleði og samvera*. Þar er óskað eftir að sveitarfélög leggi sitt af mörkum til dagsins og tilefni tengiliði við framkvæmdanefnd verkefnisins. Samþykkt að fela skólustjórnendum umsjón með degi barnsins.

21. Fundargerð héraðsráðs, 16. apríl 2008

Fundargerðin er í sex liðum. Lögð fram til kynningar.

22. Fundargerð stjórnar Eypings, 2. maí 2008

Fundargerðin er í ellefu liðum. Lögð fram til kynningar.

23. Hafnasamlag Norðurlands, aðalfundarboð

Boð um aðalfund Hafnasamlags Norðurlands sem verður 28. maí 2008 á Akureyri. Sveitarstjóra falið að sækja fundinn f.h. Hörgárbyggðar.

24. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs., aðalfundarboð

Boð um aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. sem verður 11. júní 2008 á Melum í Hörgárdal. Sveitarstjóra falið að sækja fundinn f.h. Hörgárbyggðar.

25. Fundargerð byggingarnefndar, 6. maí 2008

Fundargerðin er í tólf liðum. 12. liður hennar varðar Hörgárbyggð, þar sem fjallað er um byggingu tækjaklefa, eimbaðs, endurgerð sundlaugar o.fl. á vegum Íþróttamiðstöðvarinnar á Þelamörk. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

Tímasetning næsta fundar sveitarstjórnar er óákveðin

Upplýsingar um hana munu birtast á heimasíðu sveitarfélagsins

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er þriðjudaginn 10. júní 2008. Gert er ráð fyrir að það verði síðasta plastsöfnunardagur vetrarins.

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Svíar henda um 20% af öllum mat sem þeir kaupa. Þetta gildir jafnt um mötuneyti, veitingastaði og heimili. Draga mætti töluvert úr sóuninni með því að hanna umbúðir út frá þörfum neytenda og umhverfisþáttum við framleiðslu, flutning og sölu á matvælum. Um leið væri dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 6. maí 2008)